

**Skipulagsskrá
fyrir Verndarsjóð Skálholtsdómkirkju.**

Heiti

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju og starfar skv. lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

Heimilisfang

2. gr.

Heimilisfang sjóðsins er í Skálholti, Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Markmið

3. gr.

Markmið sjóðsins er öflun, varsla og ráðstöfun fjár til viðgerða, endurbóta og viðhalds á og við Skálholtsdómkirkju, meðal annars á listgluggum Gerðar Helgadóttur, svo og til annarra sambærilegra verkefna á Skálholtsstað.

Eftir því sem fjárhagur og aðstæður leyfa umfram markmið eða til tryggingar því er sjóðnum heimilt að afla og ráðstafa fé til annarra sambærilegra verkefna við viðhald, endurbætur, vernd og vegsemd Skálholtsstaðar.

Markmiðum sínum skal sjóðurinn ná með því að afla fjár, varðveita og ráðstafa því einvörðungu í samræmi við meginmarkmið og hlutverk.

Stofnandi

4. gr.

Stofnandi sjóðsins er Skálholtsstaður, kt. 610172 – 0169.

Stofnfé

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr.1.126.000.- sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar.

Stjórn

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum til fjögurra ára í senn og tveimur til vara. Biskup tilnefnir einn stjórnarmann og einn til vara og kirkjuráð einn og einn til vara. Biskup og kirkjuráð tilnefna einn stjórnarmann sameiginlega og einn til vara. Skipunartími fyrstu stjórnar skal þó vera til 30. júní 2019.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Fundarboðun

7. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Unnt er að halda stjórnarfundum með aðstoð rafræna miðla að svo miklu leyti sem það samræmist framkvæmd verkefna sjóðsstjórnar.

Aðrar stjórnareiningar

8. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

Endurskoðendur

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

Reikningsárið

10. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

Breyting samþykktá, slit og sameining

11. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði, annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

Staðfesting sýslumanns

12. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.



Samþykkt á fundi í Skálholti þann 11. ágúst 2016

Í stjórn Skálholtsstaðar:

Drífa Hjortardóttir 010250-2509

Ólafur Einarsson 060865-3909

Þorvaldur Falk Helgason 0904503449

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.